

Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 4/2024

Fundarstaður: Engey, Eiríksstöðum og Teams

Fundartími: 6. mars 2024, kl. 14:30

Viðstödd:

Aðalmenn

Gerður Gröndal, Agnes Smáradóttir (varamaður ÖG), Arnþrúður Jónsdóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Gylfi Óskarsson (varamaður RGB) og Pétur S Gunnarsson

Varamenn

Guðríður K Þórðardóttir, Guðrún I Gylfadóttir og Sif Sumarliðadóttir

Starfsmenn

Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Hlíf Steingrimsdóttir, Ragnar Grímur Bjarnason, Örvar Gunnarsson, Eva Ágústsdóttir og Signý Vala Sveinsdóttir

Gestir: Katrín Þórarinsdóttir og Þórunn Jónsdóttir

GG stýrir fundi í fjarveru HS

1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

2) Fundargerð nr. 3/2024

Fundargerðin samþykkt

3) Sjúkratilfelli

Umfjöllun ekki birt

4) Umsögn um greiðsluþátttöku

Tucatinib (Tukysa) – nýtt lyf

Óskað er eftir umsögn lyfjanefndar um greiðsluþátttöku í nýrri ábendingu fyrir lyfið tucatinib (Tukysa) sem ætlað er til notkunar í samsettri meðferð með trastuzúmabi og capecitabíni hjá fullorðnum sjúklingum með HER2-jákvætt brjóstakrabbamein sem er langt gengið, staðbundið (locally advanced) eða með meinvörpum, sem áður hafa fengið að minnsta kosti 2 and-HER2 meðferðaráætlanir.

Gert er ráð fyrir að 7-10 sjúklingar hefji meðferð árlega. Gert er ráð fyrir að lyfið verði notað í annarri og þriðju línu meðferðar fyrir sjúklinga með meinvörp í miðtaugakerfi. Ekki er hægt að leggja lyfið klínískt að jöfnu við önnur lyf á þessari ábendingu og því er um kostnaðarauka að ræða.

Greiðsluþátttaka hefur verið samþykkt í Noregi, Svíþjóð og í Danmörku með takmörkunum.

Mælt er með því að greiðsluþátttaka verði samþykkt

5) Umsögn um leyfisskyldu

Lyfjanefnd mun óska eftir leyfisskyldu fyrir eftirfarandi lyf:
Upadactinib (Rinvoq)

6) Önnur mál

Fundi slitið kl. 15:32